

Nd.

401. Nefndarálit

[117. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta var flutt í samráði við háskólaráð, sem ræddi efni þess á fundum 4. apríl og 27. ágúst s. l. Nefndin sendi frv. þó til umsagnar Háskóla Íslands.

Háskólaráð leitaði álits heimspekideildar, og snerist hún gegn frv. Þrátt fyrir það mælir ráðið með frv., en leggur á það áherzlu, að umrætt prófessorsembætti verði í lagadeild. Enn fremur óskar háskólaráð eftir, að fram komi í lagatextanum, að

ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 varðandi aldurshámark starfsmanna ríkisins eigi við prófessorsembætti þetta.

Meiri hluti menntamálanefndar leggur í samræmi við vilja háskólaráðs til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað síðasta málsl. 1. gr. komi:

Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um aldurshámark starfsmanna ríkisins eiga við embætti þetta.

Alþingi, 25. marz 1969.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.

Birgir Kjaran.

Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 17. marz 1969.

Umsögn háskólaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands (stofnun prófessorsembættis í ættfræði).

Hjálagt leyfi ég mér að senda háttvirtri menntamálanefnd neðri deildar Alþingis ofangreinda umsögn. Háskólaráð leitaði áður umsagnar heimspekideildar, og fylgir umsögn deildarinnar umsögn háskólaráðs.

Virðingarfyllst,

Ármann Snævarr,
rektor.

Til menntamálanefndar
neðri deildar Alþingis,
Rvík.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 7. marz 1969.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar Háskólans um frumvarp til laga um breytingu á háskólalögum, en efni þess er að mæla fyrir um stofnun prófessorsembættis í ættfræði, er tengt sé nafni Einars Bjarnasonar ríkisendurskoðanda. Þar sem svo er kveðið á í frumvarpinu, að prófessorinn skuli eiga sæti í heimspekideild, óskaði háskólaráð eftir umsögn heimspekideildar um málið, áður en gengið væri frá álitum háskólaráðs. Fylgja gögn þau, er bárust frá heimspekideild, eftirfarandi umsögn háskólaráðs.

Á fundum háskólaráðs hinn 4. apríl og 27. ágúst s. l. var um það rætt að óska

eftir stofnun prófessorsembættis í ættfræði hér við Háskólann, og var þá haft í huga að tengja það við nafn Einars Bjarnasonar ríkisendurskoðanda. Síðustu ár hefur starfað hér við Háskólann erfðafræðinefnd, sem fjallað hefur um grundvallarrannsóknir í mannfraeðfræði. Hefur starf nefndarinnar einkum fram að þessu horft að því að taka upp á spjöld nöfn Íslendinga úr manntölum og öðrum heimildum, en þetta verk er grundvöllur undir margháttáðar mannfraeðilegar athuganir og rannsóknir. Um svipaða skráningu eru fyrirmæli í lögum nr. 30/1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfraeði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, en samkv. þeim lögum er æviskrárritara falið að annast þetta starf. Af hálfu erfðafræðinefndar var á það bent, að hér væri um tvíverknað að ræða, en störf nefndarinnar fram til þessa hafa verið unnin með meiri hraða en vænta má samkv. þeirri tilhögum, sem ráð er fyrir gert í lögum nr. 30/1956. Var talið rétt að freista þess að tengja þessa starfsemi saman með nokkrum hætti. Í viðræðum við menntamálaráðherra setti hann fram hugmynd um að breyta æviskrárritarstarfi í prófessorsembætti í ættfræði, og tók háskólaráð vel í þá hugmynd, enda væri embættið bundið við nafn Einars Bjarnasonar, sem leyst hefur af hendi mikilvægt rannsóknarstarf í ættfræði. Er og alls ekki sagt, að vól sé á hæfum manni í slíkt prófessorsembætti síðar meir, og þótti því nauðsynlegt að binda embættið við nafn. Háskólaráð batt fylgi sitt við þessa hugmynd þeim fyrirvara, að tryggt væri, að fjárveiting til embættisins bitnaði ekki á öðrum prófessorsembættum, en eins og kunnugt er hefur orðið frestur á veitingu ýmissa embætta, sem stofnuð hafa verið með lögum, og önnur embætti, sem voru á áætlun Háskólans um kennarafjölgun, hafa ekki verið lögfest. Þessum skildaga telur háskólaráð að megi treysta, enda er hér um það að ræða, að fé til æviskrárritara-embættisins sé varið til prófessorsembættisins, og fæst með þeim hætti meginstofninn í fjárveitingar til embættisins. Á það ber þó að leggja áherzlu, að þessu rannsóknar-embætti, sem svo verður að höfuðstefnu til, verður að afla góðrar aðstöðu til vinnubragða og liðsinnis við úrvinnslu. Gert er ráð fyrir, að prófessorinn starfi í náinni samvinnu við erfðafræðinefnd og verði ráðunautur nefndarinnar um öflun og úrvinnslu ættfræðigagna. Auk þessa ætti hann að flytja fyrirlestra bæði fyrir stúdenta og almenning eftir því, sem nánar verður ákveðið síðar.

Í ályktun háskólaráðs hinn 27. ágúst s. l. voru samþykkt drög að frumvarpi um framangreint efni. Er það sama efni og ofangreint frumvarp, nema um það atriði, að samkv. tillögu háskólaráðs skyldi prófessorinn eiga sæti í lagadeild. Stafar það einkum af því, að Einar Bjarnason er lögfræðingur að mennt, og hér er fyrir að fara persónulegu prófessorsembætti. Hér kemur það einnig til, að ættfræðirannsóknir hans tengjast að ýmsu leyti réttarsögu, og mundu fyrirlestrar hans ekki síður koma stúdentum í réttarsögu að gagni en stúdentum í sagnfræði. Vill háskólaráð itreka þennan þátt í samþykkt sinni, en þessu atriði í afgreiðslu háskólaráðs var breytt, án þess að það væri horið formlega undir Háskólann.

Háskólaráð leggur áherzlu á það, að yfirleitt verði prófessorsembætti ekki veitt, nema dómnefnd fjalli um hæfni prófessors, en telur þó, þegar alveg sérstaklega stendur á, að unnt sé samkv. tillögu háskóladeildar og háskólaráðs að stofna persónuleg prófessorsembætti, án þess að sú leið sé farin, þótt slíkt verði fágætt. Getur vissulega verið mikilvægt að tengja vísindamenn við Háskólann með þessum hætti.

Með hliðsjón af umsögn heimspekideildar og með vísan til fyrri afstöðu háskólaráðs leggur háskólaráð á það megináherzlu, að prófessorinn eigi sæti í lagadeild. Háskólaráð leyfir sér að óska eftir því, að það komi skýrt fram í lagatextanum, að ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 varðandi aldurshámark starfsmanna ríkisins eigi við um prófessorsembætti þetta.

Virðingarfyllt,

Ármann Snævarr,
rektor.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 29. janúar 1969.

Herra rektor,

Heimspékideild hefur fjallað um frumvarp til laga um stofnun persónulegs prófessorsembættis í ættfræði við deildina, sbr. bréf menntamálanefndar neðri deildar Alþingis frá 16. des. s. l. Ályktun deildar sendist hér með, svo og umsögn sagnfræðinga hennar.

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðnason,
deildarforseti.

Til rektors
Háskóla Íslands.

T I L L A G A

Heimspékideild hefur borizt til umsagnar frumvarp um stofnun prófessorsembættis í ættfræði við deildina, er tengt verði nafni Einars Bjarnasonar.

Um leið og deildin harnar, að mál þetta skuli hafa verið borið fram, án þess að nokkurt samráð væri haft við deildina, vill hún taka fram effirfarandi:

1. Deildin telur, að enda þótt segja megi, að fræðigrein sú, sem hér er um að ræða, hafi nokkra sérstöðu hérlendis, þá sé hún ekki þess eðlis, að hún geti verið sjálfstæð háskólagrein, með sérstöku prófessorsembætti, enda er deildinni ekki kunnugt um, að við nokkurn háskóla, stóran eða smáan, sé prófessorsembætti í greininni né sérstök kennarastaða af öðru tagi.

2. Deildin bendir á, að lítil sem engin verkefni yrðu fyrir prófessorinn við kennslu í greininni, auk þess sem óljóst er, hvernig hún félli inn í prófskipan deildarinnar. Sé það hins vegar ætlun hins háa Alþingis að stofna til hreins rannsóknar-embættis við deildina, telur deildin, að aðrar fræðigreinar ættu að ganga fyrir, og er hún reiðubúin að gera tillögur þar að lúðandi, ef þess verður óskað.

3. Deildin getur ekki fallizt á stofnun prófessorsembættis af þessu tagi, á meðan ekki hefur verið orðið við tilmælum deildarinnar um embætti og stöður í þeim greinum, sem þegar fer fram starfsemi í á vegum deildarinnar eða áætlanir eru um. Hefur deildin á undanförunum þremur árum gert tillögur til yfirvalda um stofnun þriggja prófessorsembætta og einnar lektorsstöðu (fulls starfs), án þess að þær tillögur hafi náð fram að ganga. Er því svo komið, að tvísýnt er, hvort unnt verður að halda uppi fullnægjandi kennslu og prófum í sumum þeim greinum, sem eru á vegum deildarinnar, og að nokkru er þessa raunar nú þegar ekki kostur. Auk þessa má geta, að í tillögum deildarinnar til háskólanefndar um aukið kennaralið á næstu 7 árum (til 1975) er gert ráð fyrir 19 lektorsstöðum til viðbótar (sem sumum hverjum mætti breyta í prófessorsembætti síðar), þar af 5 á næstu tveimur árum (1969—1970).

4. Þá vill deildin vefengja frá sjónarmiði Háskólans gildi þeirrar röksemdar, sem fram hefur komið, að stofnun þessa embættis hefði hverfandi lítinn aukakostnað í för með sér. Þegar stjórnarvöld telja sér ekki fært að verða við kröfum Háskólans um aukna starfsemi, eru fyrstu rökinn að jafnaði þau að vísa til aukningar á kennaraliði Háskólans í heild, í hundraðshlutum á ákveðnu árabili, svo og til aukningar á heildarfjárveitingum til skólans. Verði þetta embætti stofnað, er að áliti deildarinnar ekki vafi á, að talið verður, að prófessorum hafi fjölgað um einn og að fjárveitingar til Háskólans hafi aukizt um sem svarar fullum prófessorslaunum. Telur deildin því einsýnt, að frá sjónarmiði Háskólans muni stofnun þessa embættis hafa sömu áhrif á fjárhagsaðstöðu hans og hver önnur embættisstofnun.

5. Loks vill deildin leggja áherzlu á, að verði hún knúin til þess með lagaboði að taka við embætti þessu, þá væri þar með í raun og veru um að ræða algera stefnubreytingu af hálfu hins háa Alþingis frá þeirri stefnu, sem mörkuð er í 12. gr. háskólaganna, 1. mgr., sbr. og greinargerð með frumvarpinu (Alþt. 1956 A., bls. 989) og ummæli framsögumanns menntamálanefndar neðri deildar við umræður um frumvarpið (Alþt. 1956 B., d. 1900). Vill deildin að gefnu þessu tilefni lýsa yfir því, að hún telur fyrir sitt leyti, að ef til þess kemur, að ráðstafað verði embætti við deildina án undangenginnar umsóknar, þ. e. a. s. án undangengins hæfnisdóms samkvæmt 11. gr. háskólaganna, þá skuli það aðeins gert að fenginni álitserð sérfræðinganeftdar, er starfað hefði á vegum deildarinnar.

Að ofangreindum ástæðum mælir deildin eindregið gegn því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Helgi Guðmundsson. Hreinn Benediktsson. Matthías Jónasson.
Sveinn S. Höskuldsson.

Við undirritaðir sagnfræðikennarar höfum fengið til umsagnar frv. til laga um stofnun persónulegs prófessorsembættis í ættfræði við heimspekideild.

Við viljum taka fram eftirfarandi:

1. Þar eð deildin samþykkti á fundi sínum 22. nóv. 1968 álit um kennaraþörf, annars vegar nú þegar og hins vegar til ársins 1975, þar sem fram kom, að nú þegar er knýjandi þörf á 6 lektorum — þeirra á meðal 1 í sagnfræði — og 5 prófessorum til viðbótar því liði, sem starfar nú, og ekki hefur þótt ástæða þar til að gera tillögu um stofnun prófessorsembættis í ættfræði, álitum við, að stofnun prófessorsembættis í ættfræði við deildina sé ótímabær.

2. Ekki verður séð, að embætti þetta geti verið venjulegt kennsluembætti, heldur einvörðungu rannsóknarembætti, þótt greinargerð með frumvarpinu geri ráð fyrir kennslu.

3. Sjálfsagt hefði verið, að málið hefði verið rætt við deildina, áður en frumvarpið var lagt fyrir Alþingi.

Reykjavík, 17. jan. 1969.

Þórhallur Vilmundarson. Magnús Már Lárusson. Ólafur Hansson.
Bergsteinn Jónsson.